

Alþingi
Erindi nr. P 136/1312
komudagur 19.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
c/o Gautur Sturluson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2009


Efni: Tillaga til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum – 45. mál.

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 6. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, um fyrrnefnda þingsályktunartillögu. Tillagan kveður á um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði falið að hefja undirbúning að setningu reglna um að hámarksmagn transfitúsýra í matvælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar.

Í greinargerð með tillögunni er vikið að frumkvæði Dana varðandi setningu slíkra reglna. Á heimasíðu Matvælastofnunar Danmerkur er að finna nánari upplýsingar um reglurnar er nefnast „*bekendtgørelse om indhold af transfedtsyrer i olier og fedtstoffer, nr. 160/2003*“. Þar kemur m.a. fram að vísindalegur bakgrunnur reglnanna hafi verið áhættumat sem danska næringarráðið (*National Nutrition Council*) framkvæmdi á grundvelli alþjóðlegra rannsókna sem gáfu til kynna skýra fylgni milli neyslu á transfitúsýrum og einkum hjarta- og æðasjúkdóma.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, styður þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga


Ásgeir Þór Arnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla,
landssamtaka hjartasjúklinga